

sent er auk bréfsins til þess, er á að fá peningana, skrifleg beiðni til póstmeistarans í Reykjavík um að borga fêð í jarðabókarsjóðinn og senda ávísunina þeim, sem peningarnir eru til; skal þar að auki senda póstmeistarannum einn af hundraði af peningunum fyrir móttöku þeirra í jarðabókarsjóðinn, og í póstgjald fyrir þá peninga, er eigi nema meiru en 5 rdl. . . . 8 sk. frá 5 rdl. til 25 rdl. 12 -
 — 25 — — 100 — 16 -
 — 100 — fyrir hverja 100 rdl. 16 -

Hundraðsgjald það, er nú var nefnt, má aðeins greiða með peningum; en önnur gjöld, þau er nefnd eru í þessari grein, má einnig greiða með frímerkjum.

Póststjórnin tekur ekki að sér neina ábyrgð til skaðabóta á öðru því, sem sent er með póstum, en peningum.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á 29. maím. alþingi, um laun málaflutningsmannanna við landsyfrréttinn.

Eins og yður er kunnugt, herra amtmaður¹, setti dómsmálastjórnin 30. júlím. 1858, samkvæmt konungsráðgjafi 19. marzm. s. á., þá Hermann Elías Jónsson, cand. juris, og Jón Guðmundsson, examinatus juris, til að vera fyrst um sinn málaflutningsmenn í yfirdóminum á Íslandi, meðal annars með þeim kjörum, að þeir hvor um sig skyldu fá 250 rd. í laun á ári, er fyrst um sinn í 3 ár skyldu greidd úr dómsmálasjóði Íslands, en síðan skyldi leitað álits alþingis um það, hvaðan greiða skyldi laun þeirra, ef sú yrði raun á, að dómsmálasjóðurinn gæti ekki eptirleiðis látið af hendi fê þetta.²

Með því þessi 3 ár eru liðin 30. júlím. í sumar, og svo virðist, eptir því sem ráða má af skýrslu stiptamtmanns og álits-

1) Bréfið er stilað til Melsteðs amtmanns, er eigi var komin fregn um lát hans þá er það var ritað.

2) Sjá Konunglega Augl. til Alþingis 27. maím. 1859, II. 7.

1861. skjali hins setta landfógeta, er bréfi þessu fylgja eptirrit af, að
 29. maím. dómsmálasjóðurinn ekki sé fær um að greiða laun þau, sem nú voru nefnd, nema tekið sé á vaxtafê hans, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, að hlutast til um að alþingi, samkvæmt konungsúrskurði 19. marzm. 1858, þeim er fyr var getið, láti í ljósi álit sitt um það, hvernig eptirleiðis skuli fá fê til launa þessara; síðan eruð þér beðnir að senda hingað álitsskjal alþingis með athugasemdum yðar um málefnið.

1. júním. **21. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum Voru trúá alþingi á Voru landi Íslandi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1859, höfum Vér séð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins; svo höfum Vér og með Konunglegri velþóknun tekið við þegnlegu þakkarávarpi alþingis fyrir það, er Vér höfum allramildilegast veitt, að hinn íslenzki texti laga þeirra, sem koma út fyrir Ísland, verði undirskrifaður af Konungi og hlutadeigandi ráðgjafa.

Vér höfum vandlega látið ihuga tillögur Vors trúá alþingis, um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1859 og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Um þegnleg álitmál, sem komin eru frá alþingi:

Þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vér höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúá alþingis:

1. Opíð bréf 26. septemberm. 1860, um breyting á tilskipun 28. marzm. 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.